

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2026, mánudaginn 7. september var haldinn 361. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:01. Viðstödd voru Einar S. Hálfðánarson, Björn Snær Atlason og Kristín Baldursdóttir. Einnig sat fundinn Ingunn Ólafsdóttir, innri endurskoðandi.

Fundarritari var Kristín Henley Vilhjálmsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á trúnaðarmerktum drögum að árshlutareikningi Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026, trúnaðarmerktri greinargerð B hluta fyrirtækja, trúnaðarmerktri greinargerð fagsviða og sjóða A hluta og trúnaðarmerktri skýrslu fjármála- og áhættustýringarsviðs með árshlutareikningnum. IER26010002
Vísað til afgreiðslu borgarráðs.

Halldóra Káradóttir, Sigurrós Ásta Sigurðardóttir, Jónas Skúlason og Fjóla Þorgerður Hreinsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lögd fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Endurskoðunarnefnd hefur fengið kynningu á árshlutareikningi Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2026. Endurskoðunarnefnd þakkar greinargóða kynningu og telur að árshlutareikningurinn sé tilbúinn til framlagningar í borgarráði.

- Kl. 11:11 tekur Sunna Jóhannsdóttir sæti á fundinum.
- 2. Lagt fram svar Orkuveitunnar dags. 2. september 2026 við fyrirspurn endurskoðunarnefndar á fundi þann 25. ágúst sl. um yfirstandandi styrkjaverkefni hjá Orkuveitunni og dótturfélögum. IER26090001
- 3. Fram fer umræða um starfsáætlun nýs starfsárs endurskoðunarnefndar og fundartíma nefndarinnar. IER26080002
- 4. Fram fer umræða um starfsskýrslur endurskoðunarnefndar fyrir síðasta starfsár. IER26040004

Fundi slitið kl. 11:47

Einar S. Hálfðánarson

Björn Snær Atlason
Sunna Jóhannsdóttir

Kristín Baldursdóttir